LÖG

um breyting á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

Á árinu 1976 skal álagningaraðili útsvars leggja á og innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu sveitarfélög standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Eigi skal leggja gjald þetta á þá, sem ekki er gert að greiða útsvar, né heldur þá, sem vistaðir eru á elli- og hjúkrunarheimilum, né langlegusjúklinga á öðrum sjúkrastofnunum eða í heimahúsum.

Hjá þeim öðrum, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt á örorkulífeyri á skattárinu skv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, skal lækka álag skv. 1. mgr. sem hér segir:

a. Hjá einstaklingum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 320 100 til 640 000 skal álag þetta lækka um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 640 000 króna tekjumark.
b. Hjá hjónum með tekjur til útsvars á bilinu kr. 570 000 til kr. 1 140 000 skal álag þetta lækkað um 1% af þeirri fjárhæð, sem á vantar 1 140 000 króna tekjumark.
c. Eftirstöðvar álags þessa, sem lækkað hefur verið skv. ákvæðum a- og b-liða, skulu að lokinni lækkun standa á heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en kr. 100 skal sleppt.

Gjald þetta er háð sömu reglum og útsvar varðandi innheimtu og viðurlög.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 12. apríl 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.